


Frjómælingar á Akureyri og í Garðabæ í ágúst 2022

Akureyri. Heildarfrjöldi frjókorna á Akureyri í ágústmánuði var 942 frjó/m³, sem er nálægt meðaltali árána 1998–2021 sem er 976 frjó/m³. Frjókorn voru nær samfelld í lofti allan mánuðinn.

Langflest frjókorn voru grasfrjó, 881 frjó/m³, og mældust þau alla daga nema þrjá. Þetta er aðeins minna en venjulega því meðaltal grasfrjóa í ágúst er 900 frjó/m³. Þrisvar mældust grasfrjó yfir 100 frjó/m³ og hæst fóru þau í 128 frjó/m³, laugardaginn 6. ágúst.

Aðrar helstu frjógerðir voru frjó netlu, sveipjurta og elftinga en mjög lítið mældist af þeim.




Myndritið sýnir gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í ágúst á Akureyri. Mest var af frjóum þann 6. ágúst eða 131 frjó/m³. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.



Garðabær. Fjöldi frjókorna í Garðabæ var langt undir meðaltali í ágúst eða 231 frjó/m³, en meðaltalið áranna 2011–2021 er 452 frjó/m³. Frjó mældust í mjög litlu magni flesta daga mánaðarins og í þrjá daga mældust engin frjókorn. Hæst fór frjótalan í 23 frjó/m³ sunnudaginn 14. ágúst. Það voru aðallega grasfrjó sem mældust þann dag.

Flest frjókorn í ágúst voru grasfrjó. Heildartala þeirra í mánuðinum var 180 frjó/m³ sem er langt undir meðaltali, sem er 346 frjó/m³. Lyngfrjó voru næstalgengust, eða 7 frjó/m³. Af öðrum frjókornum mældist minna.



Myndritið sýnir gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í ágúst í Garðabæ. Grasfrjó fóru hæst í mánuðinum í 20 frjó/m³ þann 14. ágúst. Mest var af frjóum þann sama dag 23 frjó/m³. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.

Grasfrjó geta mælst í september en ólíklega í miklu magni.

Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.

Garðabær, 7. september 2022

Ellý Guðjohnsen

Netfang elly@ni.is
www.ni.is

